



RÝNI OG GAGNRÝNIN GREINING

Kranablaðamennska og blekkingin um varanlegar undanþágur í Evrópurétti

*Gagnrýnislaus umfjöllun fjölmiðla vegna fundar José Manuel Albares
Bueno og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur*

Greining samkvæmt Evrópurétti og alþjóðarétti

24. júní 2026

Inngangur

Í kjölfar fundar Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, þar sem José Manuel Albares Bueno, utanríkisráðherra Spánar, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra Íslands, ræddu mögulega inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB), vakna upp alvarlegar spurningar um hlutverk íslenskra fjölmiðla. Endurprentun fjölmiðla á fullyrðingum ráðherranna sýnir skólabókardæmi um svokallaða *kranablaðamennsku* – þar sem fullyrðingar valdhafa eru laptar upp gagnrýnislaust án þess að þeim sé mætt með lagalegum veruleika og frumrétti Evrópusambandsins.

Sérstaklega er gengið framhjá þeirri grundvallarstaðreynd að pólitísk loforð og diplómátísk orðræða yfir kaffibolla eiga sér enga stoð þegar vikið er að réttarkerfi Evrópusambandsins.

Kranablaðamennska og skortur á gagnrýni

Umfjöllun sömu íslensku miðla einkennist af fullkomnu andvaraleysi. Þegar utanríkisráðherra Spánar fullyrðir að fullveldi landa „aukist í raun“ við inngöngu og að sambandið byggist ekki á því að „ríkin séu þvinguð“, er því sleppt að spyrja út í eðli yfirþjóðlegs valds.

Evrópusambandið byggir á framsali á löggjafar-, dóms- og framkvæmdavalds á ýmsum sviðum. Að halda því fram að fullveldið skerðist ekki er loðin pólitísk orðræða sem stenst enga lögfræðilega rýni. Sumir fjölmiðlar starfa á Íslandi sem einfaldir hátalarar fyrir pólitískan áróður í stað þess að rýna í sáttmála, samninga og dómafordæmi.

Frumréttur ESB og blekkingin um undanþágur

Eitt mesta deiluefnið í Evrópuumræðunni á Íslandi snýr að sjávarútvegsmálum. Í fréttum er látið eins og það sé einfalt samningsatriði hvort Ísland fái „varanlegar undanþágur“ frá sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB (e. *Common Fisheries Policy* - CFP). Hins vegar segir frumréttur ESB – það er stofnsamningarnir sjálfir – allt aðra sögu:

- **Jafnræðisreglan og jafn aðgangur:** Grunnreglur innri markaðarins og stofnsamninganna banna mismunun á grundvelli þjóðernis og tryggja jafnan aðgang allra aðildarríkja að auðlindum innan lögsögu sambandsins.¹
- **Tímabundnar vs. varanlegar undanþágur:** Í Evrópurétti eru varanlegar undanþágur frá grundvallarþáttum innri markaðarins og sameiginlegra stefna nánast útilokaðar. Stofnanir ESB og Evrópudómstóllinn (ECJ) leyfa aðeins tímabundna aðlögunarfresti. Pólitísk loforð spænsks ráðherra geta aldrei breytt eða gengið framur frumrétti ESB.

¹Sjá 18. gr. Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis [almenna jafnræðisreglan], 38. og 39. gr. TFEU sem leggur grunninn að sameiginlegu fiskveiðistefnunni og jafnræði á innri markaðnum.

Söguleg fordæmi: Factortame-málin

Ef íslenskir fjölmiðlar myndu kafa dýpra - undir yfirborðið - væri ráð að rifja upp hin frægu *Factortame*-mál (sérstaklega *Factortame II* frá 1990) fyrir Evrópudómstólnum.²

Þann 4. ágúst 1989 höfðaði framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins mál á hendur Bretlandi. Tilfnið var að Bretland hafði sett skilyrði um þjóðerni sem framkvæmdastjórnin taldi brjóta gegn skuldbindingum ríkisins samkvæmt stofnsamningunum, þar á meðal meginreglunni um bann við mismunun og ákvæðum um frelsi til staðfestu.³ Málið sýndi fram á afgerandi:

1. Aðildarríki (í því tilfalli Bretland) geta ekki sett landslög sem takmarka aðgang skipa frá öðrum ESB-ríkjum (þar á meðal spænskra útgerða) að kvóta sínum eða lögsögu, ef það brýtur gegn jafnræðisreglu ESB.
2. ESB-réttur hefur forgang fram yfir landslög og stjórnskipunarlög aðildarríkjanna.

Að spænski utanríkisráðherrann fullyrði að Íslendingar þurfi ekki að óttast spænsk skip, þegar fyrir liggur að spænskar útgerðir knúðu fram einhvern sögulegasta dóm Evrópuréttarins til að komast í breska lögsögu, er þversögn sem kranablaðamenska samtímans hylmir yfir.

Samantekt

Umfjöllun um fund utanríkisráðherranna er skólabókardæmi um það hvernig almenningi er boðið upp á yfirborðskennt hjál í stað raunverulegra staðreynda. Sjávarútvegsmál og fullveldisframsal eru ekki spurning um „gott samstarf“ eða „sæti við borðið“ yfir kaffibolla; þau ráðast af ströngu, skrifuðu regluverki frumréttar ESB og **bindandi dómum Evrópudómstólsins**. Það er lágmarkskrafa að fjölmiðlar kafi ofan í saumana á þessum málum í stað þess að lepja upp gagnrýnislaust orðræðu sem á sér enga lagastoð.

²Mál C-213/89 *The Queen v Secretary of State for Transport, ex parte: Factortame Ltd and others* [1990] ECR I-02433, ECLI:EU:C:1990:257. Dómurinn staðfesti stjórnskipulegan forgang Evrópuréttarins (e. *primacy*) og skyldu landsréttar til að víkja til hliðar sérhverri innlendri reglu sem hindrar bráðabirgðavernd réttinda sem leiða af jafnræðisreglum sambandsins.

³Sjá dóm Evrópudómstólsins í máli C-213/89 *The Queen v Secretary of State for Transport, ex parte: Factortame Ltd and others* [1990] ECR I-02433, para 8. Aðgengilegur á EUR-Lex: Dóminn má nálgast hér.

Viðauki: Samanburður á helstu viðskipta- og efnahagsbandalögum heims

Þessi tafla sýnir samanburð á stærð, umfangi og efnahagslegu vægi helstu viðskiptablokka heimsins. Hún dregur sérstaklega fram hversu gríðarlegur markaður og auðlindastýring liggur utan Evrópusambandsins, t.d. innan BRICS+ og samstarfsríkja Kyrrahafsins.

Bandalag	Aðild	Íbúafjöldi	Hlutfall af heimsframleiðslu	Helsti styrkur / Einkenni
BRICS+	Brasilía, Rússland, Indland, Kína, Suður-Afríka (+ ný ríki)	3,6 milljarðar (≈45% af heimsbyggðinni)	36% (PPP) (Hefur farið fram úr G7)	Gríðarleg framleiðslugeta, stærstu hráefna- og orkubirgðir heims.
USMCA (áður NAFTA)	Bandaríkin, Mexíkó og Kanada	500 milljónir	28% (nafnvirði)	Hátækni, sterkir fjármálamarkaðir og gríðarleg neyslugeta Norður-Ameríku.
ESB	Evrópusambandið	450 milljónir (aðeins um 5,5% af heimsbyggðinni)	14% (PPP)	Innri markaður með ströngu regluverki. Algerlega háð innflutningi á orku og hráefnum.
CPTPP	Japan, Ástralía, Kanada, Bretland o.fl.	580 milljónir	12% (nafnvirði)	Ört vaxandi markaður við Kyrrahafið (Japan, Ástralía, Kanada, Bretland o.fl.).

Tafla 1: Samanburður á helstu efnahags- og viðskiptabandalögum heims. PPP = kaupmáttarleiðrétt landsframleiðsla.